

Norðlendingar á flugi í ferðamálum

FRÉTTASKÝRING

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbli.is



Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi hefur uppi stórhuga áform um að auka verulega straum erlendra ferðamanna á svæðið. Eins og fram kom í Morgunblaðinu á mánuðag er unnið að því að stofna klasa fyrir tækja og félaga um reglulegt flug milli Akureyrar og Eyrópu og þá allt árið um kring. Rætt hefur verið við ýmis flugfélög í því skyni. Frá árinu 2006 hefur Iceland Express verið með reglulegt flug frá Akureyri á sumrin og hefur það gefist vel. Þá hefur verið áttak í gangi að fá erlenda ferðamenn norður yfir vetrartímann. Þannig komu hátt í 200 Færeyingar til Akureyrar í vetur í leiguflogi til að koma á skíði og væntanlegur er hópur Breta til að skoða möguleika á skíðaferðum til Íslands. Fleiri erlendir hópar hafa sýnt Tröllaskaga og öðrum stöðum á Norðurlandi áhuga sem skíða- og útivistarsvæðum. Nýverið var tökulíð frá Bandaríkjunum á ferðinni í Eyjafirði að taka upp mynd með skíðaofurhugum, sem sýna á í haust á sjónvarpsstöð sem nær til yfir 200 milljóna heimila.

Þjóðhagslegur ávinningur

Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, segir allar svona heimsóknir hafa snjóboltaáhrif í för með sér fyrir markaðssetninguna. Þessir erlendu gestir hafi verið mjög ánægðir með það sem fyrir augu bar hér á landi.

Að sögn Ásbjörns hefur mikil vinna átt sér stað til að auka millilandaflug til og frá Akureyri. Steft er að því að fá fyrir tækni í ferðaþjónustu og fjölmarga aðra hagsmunaaðila að klasanum. Meginmarkmið markaðsskrifstofunnar er að sýna fram á þjóðhagslegan ávinning af verkefningu, ekki síst á búsetuskilyrði landsmanna og arðsemin ferðaþjónustunnar. Ætluin er að sýna ferðaskrifstofum og flugfélögum fram á að opnun nýs áfangastaðar fyrir erlenda ferðamenn hérlandis sé ákjósanlegt viðskiptatækifæri en ekki ógnun við návandandi fyrirkomulag.

Ásbjörn segir að millilandaflug inn á Norðurland muni lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Hlíðarfjall Helsta aðdráttarafli skíðaafólks á Norðurlandi er Hlíðarfjall við Akureyri en fleiri skíðaafvæði nyrðra hafa fengið athygli ferðamanna.

ferðamanna um landið, líkt og lögð er áhersla á í nýrri ferðamálaáætlun til ársins 2020.

Rannsóknamiðstöð ferðamála gerði skoðanakannanir meðal erlendra gesta á Akureyrarflugvelli 2009 og 2010. Þær leiddu í ljós að meðalvalartími erlendra ferðamanna sem lenda á Norðurlandi er 7,3 nætur á meðan erlendir ferðamenn sem lenda í Keflavík dvelja að meðaltali 1,8 nætur á Norðurlandi. Talið er að reglulegt millilandaflug til Akureyrar geti skapað fjölda nýrra starfa í ferðaþjónustunni. Á síðasta ári komu nærrí 800 farþegar í beinu flugi til Akureyrar, ef frá eru taldir þeir farþegar sem urðu að lenda þar vegna óskunnar frá Eyjafjallajökli. Takist að ná þeim farþegum upp í 2.000 á næsta ári gætu 8 störf skapast og 10 þúsund farþegar gætu skapað um 40 störf, samkvæmt varfærnasta mati Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Heildartekjur af slíkum fjölda farþega gætu verið um 2,5 milljarðar.

Samráðshópur um millilandaflug til Akureyrar hefur síðustu mánuði verið að skoða ýmsa kosti varðandi markaðssetningu, eins og með flug til Danmerkur, Svíþjóðar og Bretlands. Lítið hefur verið til nokkurra nýrra markhópa í því sambandi. Komíð hefur í ljós að um 600 þúsund Danir eru í skíðaklúbbum, um 1,5 milljónir Breta fara í skíðaferðir árlega og í Eyrópu eru um 80 þúsund manns félagar í samtökum er tengjast íslenska hestunum, svo dæmi séu tekin. Ásbjörn telur að í þessum hópum og mörgum fleiri liggja gríðarleg tækifæri í markaðssetningu fyrir ferðaþjónustuna.

KÖNNUN Á SKÍÐASVÆÐI



Færeyingar afar ánægðir

Eins og kemur fram hér til hlíðar komu nærrí 200 Færeyingar á skíði til Akureyrar í vetur. Rannsóknamiðstöð ferðamála kynnti á Akureyri í gær helstu niðurstöður skoðanakönnunar meðal Færeyinganna, en flestir komu hingað með börnum sínum eða vinfólki. Langflestir voru ánægðir eða mjög ánægðir með upplifun sína á Akureyri. Töldu flestir skíðaafstöðuna í Hlíðarfjalli vera vel yfir meðalag. Langflestir höfðu komið til Íslands áður en tæp 70% svaranda höfðu ekki komið áður til Akureyrar á skíði. Nær allir höfðu áhuga á að koma aftur til Norðurlands. Auk þess að vera á skíðum nýttu Færeyingarnir sér ýmsa afþreyingu á Akureyri.